



32. kafli aðildarviðræðna Íslands og ESB

Fjárhagslegt eftirlit

Undanfarinn áratug hefur Evrópusambandið lagt aukna áherslu á að eftirlit með fjárhag hins opinbera í aðildarríkjunum sé eins og best verður á kosið. Þannig njóta sér í lagi nýrri aðildarríkin ákveðins aðhalds að utan sem tryggir aukinn aga í rekstri hins opinbera. Eftirlitið snýr bæði að tekju- og útgjaldahlið ríkisins og er til þess fallið að stuðla að heilbrigðri fjármálastjórnun, auka skilvirkni, hagkvæmni og gegnsæi í ríkisrekstri.

Kafli 32 í aðildarviðræðum Íslands og ESB inniheldur tvenns konar reglur um fjárhagslegt eftirlit. Annars vegar um innra fjárhagseftirlit hjá hinu opinbera (fjárhagsstjórnun og innri endurskoðun) og ytri endurskoðun (Ríkisendurskoðun) hjá aðildarríkjunum og hins vegar um vernd fjárhagslegra hagsmuna ESB, m.a. gegn fjársvikum og peningafölsunum.

Meginkröfur ESB varðandi fjárhagseftirlit hins opinbera byggja á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og bestu starfsvenjum ESB. Þrátt fyrir að kafli 32 sé ekki hluti af EES-samningnum eru þessi mál í meginatriðum í lagi á Íslandi, en engu að síður er þörf á frekari formfestu og skýrara verklagi. Við aðild þurfa Ísland og ESB að komast að samkomulagi um lausnir varðandi stofnanauppbyggingu fjárhagseftirlits ríkisins sem taka tillit til fámennis landsins og smæðar stjórnkerfisins. Almenn krafa ESB er t.d. sú að hver stofnun búi yfir sérstakri innri endurskoðun en Ísland horfir hins vegar til þess að þessi starfsemi verði sameiginleg fyrir smærri stofnanir.

Um vernd fjárhagslegra hagsmuna ESB gildir

Bætt fjárhagsstjórnun og aukið eftirlit

- *Aðild að ESB kallar á formfestingu fjárhagsstjórnunar og ytri endurskoðunar og eflingu innri endurskoðunar innan stjórnsýslunnar hér á landi.*
- *Kallað er eftir náinni og virkri samvinnu innlendra eftirlitsaðila til að sporna gegn auðgunarbrotum.*
- *Komi til aðildar mun Ísland etja á fót samræmingarskrifstofu gegn fjársvikum.*

sú meginregla að löggjöf aðildarríkja um vernd eigin fjárhagslegra hagsmuna nái einnig til fjármuna ESB. Á það bæði við um framlög Íslands til ESB og greiðslur úr sjóðum sambandsins. Aðgerðir til verndar fjárhagslegum hagsmunum ESB byggja á sameiginlegu valdsviði aðildarríkis og ESB. Í því skyni ber stjórnvöldum aðildarríkja að koma upp samræmingarskrifstofu gegn fjársvikum (AFCOS, Anti-Fraud Coordination Service) sem vinnur með Evrópuskrifstofu ESB um aðgerðir gegn fjársvikum (OLAF, European Anti-Fraud Office).

Þá þurfa íslensk stjórnvöld að koma á fót miðlægrri skrifstofu, sem sér um úrvinnslu upplýsinga um peningafalsanir, þar sem Genfarsamningurinn um varnir gegn peningafölsunum er meginlöggjöfin. Ísland á eftir að fullgilda þann samning.

Samningsafstaða 32. kafla

Efni kafans fellur ekki undir EES-samninginn en þar sem meginkröfur kafans byggja fremur á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og bestu starfsvenjum ESB en löggjöf, felst samningsafstaða Íslands einkum í þessum atriðum:

Ísland samþykkir lög og reglugerðir 32. kafla.

Ísland lítur svo á að hægt sé að fylgja alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og bestu starfsvenjum ESB samtímis því að gerðar eru sérstakar ráðstafanir með tilliti til smæðar margra opinberra stofnana á Íslandi.



Frá ríkjaráðstefnu Íslands og ESB 19. október 2011.



Hverjir semja fyrir Ísland?

Samninganefnd Íslands er skipuð 18 manns með fjölbreyttan bakgrunn, 9 körlum og 9 konum. Aðalsamningamaður er Stefán Haukur Jóhannesson fv. sendiherra Íslands gagnvart ESB í Brussel og gagnvart Alþjóðaviðskiptastofnuninni í Genf þar sem hann stýrði m.a. viðræðum um aðild Rússlands að WTO. Varaformenn nefndarinnar eru Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands, og Þorsteinn Gunnarsson, fv. rektor Háskólans á Akureyri og sérfræðingur hjá Rannís.

Með samninganefndinni starfa tíu samningahópar sem fjalla um ólíka málaflokka viðræðanna. Í hópunum eiga sæti fulltrúar frá hagsmunaaðilum, verkalýðshreyfingu, atvinnulífni, stjórnsýslunni og sveitarfélögum. Um 200 sérfræðingar af landinu öllu koma að undirbúningi viðræðanna en með þessu er tryggt að sem víðtækast samráð sé haft um framvindu þeirra.



Um hvað snúast samningaviðræðurnar?

Evrópusambandið hefur sett sér lög og reglur á þeim sviðum sem aðildarríkin eiga samstarf, s.s. í byggða- og atvinnumálum, sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum, menntamálum, efnahagsmálum, umhverfismálum og utanríkismálum svo dæmi séu nefnd. Löggjöf ESB skiptist í 35 kafla og snúast samningaviðræðurnar um það hvort og með hvaða hætti Ísland hyggst taka upp þá löggjöf og hvar sérlausna er þörf. Ísland hefur þegar að öllu eða langmestu leyti tekið upp löggjöf ESB-ríkja í 21 kafla í gegnum aðildina að EES og Schengen. Þegar niðurstaða liggur fyrir í samningum um alla kafla getur íslenska þjóðin vegið kosti og galla aðildar og kosið um aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Víðtækt samráð

Alþingi leikur lykilhlutverk í samningaferlinu og gerir utanríkisráðherra þinginu og utanríkismálanefnd reglulega grein fyrir gangi mála. Utanríkismálanefnd hefur skipað fimm manna starfshóp um Evrópumál sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverjum þingflokki.

„Hlutverk okkar í samninganefnd Íslands er skýrt: Að ná sem hagstæðustum samningi fyrir Ísland.“

– Úr grein formanns og varaformanna samninganefndar Íslands, júní 2011.

Ráðherranefnd um Evrópumál er skipuð forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra. Sérstakur samráðshópur skipaður fjölbreyttum hópi einstaklinga með ólíkan bakgrunn er hluti af samningaferlinu og er hlutverk hans að taka við upplýsingum um gang viðræðna og miðla þeim áfram. Öll gögn sem tengjast viðræðunum eru birt jafnóðum og þau liggja fyrir og öll helstu skjöl þýdd yfir á íslensku. Aðalsamningamaður og sérfræðingar á vegum samninganefndar Íslands hafa einnig haldið upplýsingafundi víðsvegar um landið um stöðu og framvindu viðræðanna.

